

## 069/00 - M.b. Ásdís ÍS-55

Ásdís ÍS-55, strandar á Tálknafirði

### M.b. Ásdís ÍS-55

Skipaskr.nr.: 7160

Smíðaður: í Hafnarfirði úr trefjaplasti

Stærð: 5,90 brl; 5,15 bt

Lengd: 7,98 m Breidd: 2,68 m Dýpt: 1,53 m

Vél: Volvo Penta 147,00 kW Ágerð: 1989

Annað:

Földi skipverja: 2

### Atvikalýsing

Hinn 6. júní 2000 um kl. 14:00 til 14:30 fór m.b. Ásdís ÍS-55 frá Þingeyri til veiða með handfæri. Veður: suðaustan hægviðri, eitt til tvö vindstig, sjólaust.

Siglt var á mið sem skipverjar kalla Kópinn. Þegar þeir voru komnir þangað var skipstjórinn orðinn slappur og hugðist leggja sig en fól hinum skipverjanum að sigla um og leita lóðninga. Skipverjinn fór að lóna um á svæðinu í leit að lóðningu. Það næsta sem skipverjinn vissi af sér var að skipstjórinn kom í stýrishúsið og var báturinn þá við það að stranda. Var báturinn þá kominn það nálægt landi að ekki var ráðrúm til að koma í veg fyrir að hann strandaði. Lenti báturinn í urðinni, á litlum hraða þar sem náðst hafði að draga úr vélaraflí en mjög stórgrýtt er þar sem báturinn strandaði.

Skipverjar klæddust björgunargöllum þegar þeir sáu í hvað stefndi og þegar báturinn var strandaður var tilkynnt um atvikið til Ísafjarðarradíós. Komu bátar frá Tálknafirði á vettvang nokkru síðar og tókst þeim að draga bátinn á flot aftur og var hann síðan dreginn til Tálknafjarðar eftir að tekist hafði að stöðva leka að mestu, sem kom að bátnum.

### Við rannsókn kom fram

- að skipverjinn sem var á vakt mundi ekki á hvaða hraða siglt var við leit að lóðningum;
- að skipstjóri sagðist hafa tilkynnt sig úr höfn á Þingeyri en viti ekki hvort tilkynningin hafi komist til skila þar sem hann fékk ekki svar. Hann segir að erfiðleikar séu með fjarskipta-samband (talstöð) á þessum slóðum, þ.e. í Dýrafirði, en í sumum tilvikum hafi hann tilkynnt sig með því að nota síma.

### Nefndarálit

Nefndin telur að koma hefði mátt í veg fyrir þetta atvik ef varðstaða á stjórnþalli hefði verið betri.